

Mál nr. 298/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: A og B

Framúrakstur. Sakarskipting.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 14. september 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 25. október 2022 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Hinn 19. september 2021 varð árekstur milli bifreiðanna A og B, sem M ók umrætt sinn. Aðilar fylltu út sameiginlega tjónstilkynningu á vettvangi. Á bakhlið tjónstilkynningar lýsir A atvikum svo að hún hafi ekið á eftir B, séð hann beygja smá til vinstri og svo til hægri og hún hafi ekki séð að hann gæfi stefnuljós. Á bakhlið tjónstilkynningar lýsir M atvikum svo að hann hafi ætlað að beygja að verkstæðisdyrum hægra megin við veginn þegar A kom á eftir og hafi ætlað fram úr hægra megin. Ágreiningi um sakarskiptingu var vísað til Tjónanefndar váttryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu sök skyldi skipt þannig að A bæri helming sakar vegna ógætilegs framúraksturs hægra megin og B helming sakar fyrir að taka hægri beygju með röngum hætti. M fellir sig ekki við þau málalok og byggir í málskoti á því að A hafi verið óheimilt að taka fram úr frá hægri þar sem M hefði verið að undirbúa hægri beygju og gefið stefnuljós til marks um það.

Í bréfi V, sem var váttryggjandi beggja bifreiða á tjónsdegi, til nefndarinnar kemur fram að félagið taki ekki frekari afstöðu til sakarskiptingar. V leggur þó fram frekari gögn þ.á.m. framburð vitnis. Í þeim framburði kemur fram að vitnið hafi séð B taka lítinn sveig áður en hann ætlaði sér svo að beygja til hægri. Sú sveigja hafi að mati vitnisins ekki gefið tilefni til að ætla að fara ætti hægra megin fram úr B.

Álit.

Meðal gagna málsins eru m.a. ljósmyndir af vettvangi. Má þar sjá að umræddur vegur er malarvegur og svo virðist sem ekki sé eiginlegur vegur að verkstæðisskúrnum sem M hugðið beygja að. Má þá sjá að ákomur voru á framhornum beggja bifreiða. Styður það, svo og afstöðumynd á framhlið sameiginlegrar tjónstilkynningar, þá frásögn að A hafi verið við framúrakstur hægra megin þegar B var sveigt til hægri í þeim tilgangi að leggja við skúrinn, en framhlið sameiginlegrar tjónstilkynningar er að öðru leyti fremur óljós hvað atvik varðar.

Í 1. mgr. 23. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 segir að aka skuli vinstra megin fram úr ökutæki. Þó skuli aka hægra megin fram úr ökutæki ef ökumaður þess beygir til vinstri eða undirbýr greinilega vinstri beygju. Af lýsingum A og framangreinds vitnis verður ekki fallist á að M hafi, með því að „beygja smá til vinstri“ eða „taka lítinn sveig“, beygt til vinstri eða greinilega undirbúið vinstri beygju. Verður því ekki talið að við þessar aðstæður hafi verið heimilt að taka fram úr hægra megin og ber A því nokkra sök á árekstri aðila.

Í 2. mgr. 19. gr. umferðarlaga segir svo að við hægri beygju skuli aka sem næst hægri brún akbrautar og skuli beygjan tekin eins kröpp og unnt er. Af frásögn framangreinds vitnis má ráða að B hafi verið sveigt lítilliga til vinstri í aðdraganda hægri beygju, og þá verður ekki ráðið af fyrirliggjandi ljósmyndum að M hafi ekið sem næst hægri brún akbrautar. Verður því jafnframt á því byggt að M hafi ekki fylgt áskilnaði laganna við framkvæmd hægri beygju og beri því jafnframt nokkra sök á árekstri aðila.

Niðurstaða.

Ökumenn A og B bera hvor um sig helming sakar.

Reykjavík, 22. nóvember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir